



Hafnarfjarðarkaupstaður  
b.t. Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Reykjavík, 12. janúar 2021

Afrit af bréfi til Fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar

**Efni: Beiðni um upplýsingar um heimilislaustr fólk og fólk í húsnæðishraki**

Hagstofan framkvæmir manntal og húsnæðistal hinn 1. janúar 2021 og árlega eftir það sem verður aðallega byggt á skráum í vörslu opinberra aðila. Þar sem heimilislaustr eru ekki skráðir í miðlægar stjórnsýsluskrár er hættu á að sá hópur verði útundan. Af þeim sökum vill Hagstofan leita til Fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar til að fá upplýsingar um heimilislaustr á starfssvæði félagsþjónustunnar.

Með heimilislaustrum er átt við þá einstaklinga sem ekki hafa aðgang að hefðbundnu húsnæði, hafa ekki húskjól að staðaldri á sama stað og gista þar sem kostur er hverja nótt, þar með talið í gistiskýli fyrir heimilislaustr, hjá hjálparstofnunum eða inni á öðru fólki.<sup>39</sup>

Auk heimilislaustra óskar Hagstofan eftir upplýsingum um það fólk sem er húsnæðislaustr, þ.e. hefur sótt um húsnæði í félagslega húsnæðiskerfinu vegna húsnæðisleysis og hefur ekki fasta búsetu eða heldur heimili þess vegna tímabundið með öðrum.

Óskað er eftir eftirfarandi upplýsingum fyrir þá sem svo var ástatt um 1. janúar 2021:

- Sveitarfélag
- Kennitala
- Nafn
- Tegund heimilisleysis (heimilisleysi, húsnæðisskortur)

Í samræmi við lög nr. 163/2007 um Hagstofuna og opinbera hagskýrslugerð, sbr. 5. gr., 6. gr. fer Hagstofa Íslands vinsamlegast fram á það að ofangreindar upplýsingar verði afhentar eigi síðar en 26. febrúar 2021 á eftirfarandi vefslóð til að fyllsta öryggis sé gætt: <https://gagnaskil.hagstofa.is>

Notandanafn: \*\*\*\*\*

Lykilorð: \*\*\*\*\*

Vinsamlegast sendið upplýsingarnar í textaskjali með heiti dálka í fyrstu línu, dálka aðgreinda með semikommu (csv) og Windows (ANSI) stafasetti.

<sup>39</sup> Félagsmálaráðuneytið (2005). *Skýrsla samráðshóps um heimilislaustr: Aðstæður húsnæðislaustra í Reykjavík og tillögur til úrbóta*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið. [http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/skyrsla\\_heimilislaustr.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/skyrsla_heimilislaustr.pdf), sótt 27. október 2011.

Farið verður með allar upplýsingar í samræmi við persónuverndarstefnu Hagstofunnar, <https://hagstofa.is/um-hagstofuna/personuvernd/> . Í því felst meðal annars að kennitölur verða dular og engar upplýsingar birtar sem hægt er að rekja til einstaklinga eða lögaðila. Gert er ráð fyrir að manntalsskrár verði varðveittar til frambúðar eins og venja er, en verði ekki gerðar aðgengilegar fyrir almenning fyrir en í fyrsta lagi 80 árum eftir manntalsdag að óbreyttum lögum.

Tengiliður Hagstofunnar vegna þessa verður Guðjón Hauksson ([gudjon.hauksson@hagstofa.is](mailto:gudjon.hauksson@hagstofa.is), s. 528 1032).

Virðingarfyllt,



Hrafnhildur Arnkelsdóttir,  
sviðsstjóri